



Skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Hins íslenska kvenfélags 26. apríl 1905 í vörslu Borgarstjórans í Reykjavík

Bjarni Benediktsson – Skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð Hins íslenska kvenfélags 26. apríl 1905 í vörslu
Borgarstjórans í Reykjavík – Sjúklingar – Landlæknir – Bankavaxtabréf – Almanaksárið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skjalagráa fyrir Sjúkrahjól
hins íslenska kvænnfélags 1905

Í öðru Bejarstjórnar Reykjavíkur.

Skipulagskrá

fyrr sjúkrasjóð hins íslenska kvennsjelags.

1. gr.

Þið íslenska kvennsjelag gefur hjerméð Íslandi sjúkrasjóð þennan, sem er að upphæð 3540 kr. 12 au.; eiga fátækir sjúklingar um allt land að njóta góðs af honum framvegis eptir því sem segir í skipulagskrá þessari.

Sjóðurinn heitir: „Sjúkrasjóður hins íslenska kvennsjelags“.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar 3-manna nefnd: Landlæknir, forseti kvennsjelagsins og einn maður, er sjelagid kys. Nefndarmenn skipa með sjer slórfum.

3. gr.

Fyrr höfudstól sjóðsins skal kaupa bankavaxlabrjef, er hljóða upp á nafni sjóðsins. Höfudstólinn má aldrei skerða og auk þess skal árlega leggja $\frac{1}{4}$ hluta af vöxlunum við höfudstólinn, en allt að $\frac{3}{4}$ hlutum skal árlega verja til styrklar fátækum sjúklingum um land allt. Utan Reykjavíkur geta þeir einir orðið styrksins aðnjótandi, er leita lækningshjálpur til Reykjavíkur og leggja þar á sjúkrabús. Til sjúklinga, er búsettir eru í Reykjavík, er styrkveitingin eigi bundin við spítalavist, þó má styrkur til sjúklinga þeirra, er liggja utan spítala, aldrei fara fram úr $\frac{1}{3}$ hluta af fje því, er til úthlutunar kemur á

ári hverju.

Styrk úr sjóðnum skal veita tvívar á ári, 1. maí og 1. nóvember.
Hverjum einstökum sjúkling skal aldrei veitt lægri upphæð en
25 kr.

4. gr.

Þeir sem æskja styrks af sjóðnum, skulu senda umsókn sína
um styrk til stjórnar nefndarinnar fyrir 15. apríl og 15. október
ár hvert, og skal umsókninni fylgja vottorð áreiðanlegs manns
um efnahag og kringumstæður umsækjanda. Þó skal það
tekið fram, að þeir, sem þiggja af sveit, geta ekki orðið aðnjót-
andi styrksins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal reikningur
sjóðsins ár hvert auglýstur í einhverju bláði, er út kemur í
Reykjavík. — Sömu leiðis skal það auglýst í bláði, ef sjóðnum
gefst fje, svo og nöfn gefendanna, og skal það fje jafnan
leggjast við höfuðstólina.

6. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir yfirumsjón með eignum
sjóðsins og úrskurðar ársreikninginn. Reikningur sjóðsins
skal sendast bæjarstjórninni fyrir lok janúarmanáðar
ár hvert.

7. gr.

Skylði svo fara, að „Hind íslenska kvennsjélag“ liti undir
lok, þá ræður stjórnarráð Íslands kosningu tveggja
manna, er stjórnin skulu sjóðnum ásamt landlækni.

Stjórn „Hins íslenska kvennsjélags“

Reykjavík, 26. apríl 1905.

Katrín Magnússon